



Skammt stórra högga á milli á Ströndum

Á Drangsnesi á Ströndum hefur Fiskvinnslan Drangur starfað síðan árið 2000 og Útgerðarfélagið Skúli frá árinu 2002. Fiskvinnslan Drangur er í dreifðu eignarhaldi heimamanna og Útgerðarfélagið Skúli í meirihlutaeigu heimamanna í gegnum sveitarfélagið og fiskvinnsluna. Þegar talað er um minni útgerðir og fiskvinnslur á landsbyggðinni og mikilvægi þeirra fyrir fámenn byggðarlög ættu fyrirtæki eins og Fiskvinnslan Drangur og Útgerðarfélagið Skúli að vera ofarlega í huga. Í Fiskvinnslunni starfa 12 manns allt árið og hjá útgerðinni starfa 10 manns, 5 á sjó og 5 við beitningu allt árið. Á Drangsnesi búa um 70 manns og félögin því burðarás í atvinnulífi á Drangsnesi. Byggðarlagið er brothætt byggð og hefur nýlega hafið þátttöku í byggðaþróunarverkefninu Brothættar Byggðir. Drangsnes er lítið samfélag með stórt hjarta. Hér er eftirsóknarvert að búa, sem kristallast í húsnaðisskortri í bænum.

Drangsnes ætti að vera byggðarlag í sókn. Náttúruvegurinn er einstök, töluverður fjöldi ferðamanna streymir um svæðið, nóg er af náttúruauðlindum og Steingrímsfjörðurinn gullkista og lykilþáttur í atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Þrátt fyrir öll þessi skilyrði til sóknar, þá stefnir í mikla varnarbaráttu í samfélaginu á Drangsnesi á næstunni.

Veiðigjaldið hefur verið hækkað verulega, leyfilegur heildaraflí þorsks hefur dregist saman, það stefnir í mikinn samdrátt í leyfilegum heildarafla í grásleppu, sem missti MSC sjálfbærni vottunina í ár og ber nú í fyrsta sinn veiðigjald. Lög um greiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufólks voru felld niður í fyrra og stefnt er að aukinni gjaldtöku á vöruflutninga sem mun bitna á fyrirtækjum hér á svæðinu. Fiskveiðiárið hófst 1. september og enn hefur ekki verið gefin út reglugerð sem staðfestir mikilvægar byggðaaðgerðir stjórnvalda sem stuðla að heilsársstarfssemi á Drangsnesi, það eru, línuúvilnun, almennur byggðakvóti og skel- og rækjubætur, og þó ekkert sé sagt opinberlega virðist það vera augljós stefna stjórnvalda að leggja niður þessar aðgerðir og ráðstafa þeim aflaheimildum til strandveiða. Frumvarp til laga um strandveiðar og byggðakvóta, frá innviðaráðherra, þar sem þetta verður líklega staðfest er á þingmálaskrá í **febrúar árið 2026**, eftir fjóra mánuði.

Það er með hreinum ólíkindum að ráðherra skuli ekkert gefa upp um fyrirtælanir sínar í þessum málum. Afleiðingin er að fjölmörg fyrirtæki um land allt búa við algjöra óvissu þangað til í febrúar á næsta ári. Högginn dynja á fyrirtæki á landsbyggðinni og áhrifin gríðarlega umfangsmikil fyrir starfsemi þeirra. Þessum áhrifum er svo nánar útlistað hér neðar í þessu bréfi. Kallað er eftir skýrri stefnu stjórnvalda til þess að fyrirtæki sem eru burðarásar í smærri samfélögum geti gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við hana.

Hækkun veiðigjalda

Hefðu ný veiðigjöld verið í gildi fyrir árið 2024 hefðu innheimt veiðigjöld á Útgerðarfélagið Skúla verið 32,8% hærri en raun bar vitni. Þetta er staðan þrátt fyrir umtalsverða hækkun á afsláttum veiðigjalda frá upprunalegu frumvarpi, sem átti að skýla minni útgerðum, eins og Útgerðarfélaginu Skúla, frá þessum miklu hækkunum. Veiðigjaldið hefði þannig verið 9,3% af tekjum fyrirtækisins árið 2024. Hagnaður fyrirtækisins sl. ár er ekki nægur til þess að greiða þessi auknu veiðigjöld og færir rekstur félagsins úr plús í mínus.

Samdráttur í leyfilegum heildarafla þorsks og grásleppu

Ráðgjöf í þorski dróst saman um 4% frá síðasta fiskveiðiári og hefur dregist saman um rúm 30% frá árinu 2020. Samdrátturinn hefur áhrif á heilsársgetu útgerðarinnar þar sem dreifa þarf aflaheimildum fyrirtækisins þynna yfir árið. Þessi útvötnun á aflaheimildum hefur valdið miklum vinnusamdrætti fyrir sjómenn og beitningafólk á svæðinu. Þá hefur leyfilegt aflamagn í grásleppu dregist saman um 50% frá árinu 2021 og stefnir aftur í 50% samdrátt á næsta ári samkvæmt upphafstillögu Hafrannsóknastofnunar. Grásleppuveiðar eiga sér ríka sögu á Drangsnesi. Fiskvinnslan Drangur hefur verið einn stærsti framleiðandi grásleppu og grásleppuhroga um lengri tíma og hafa bátar á Drangsnesi verið þeir aflahæstu þegar kemur að grásleppu síðastliðin ár. Grásleppa er því gríðarstór menningar- og atvinnuskapandi stólpi í samfélaginu á Drangsnesi.

Línuívilnun

Útgerðarfélagið Skúli hefur frá stofnun félagsins gert út á línu, sem er einn umhverfisvænasti, en dýrasti útgerðarmáti sem völ er á. Þetta hefur verið gert með það fyrir augum að koma að landi með betra, ferskara og verðmætara hráefni samhliða því að skapa atvinnu í landi allt árið. Árið 2018 var byggð ný beitningaaðstaða Útgerðarfélagsins Skúla við Fiskvinnsluna Drang á Drangsnesi, sem er ein flottasta beitningaaðstaða á landinu. Við beitningu starfa 4-5 manns allt árið, ýmist við að handbeita í bala eða laga stokka á línubátana okkar tvo. Línuívilnun er grundvöllur þess að hægt sé að halda úti störfum í landi við beitningu. Í beitningu starfa Íslendingar, útlendingar, konur, karlar, ungir og aldnir sem hafa mikið stolt af störfum sínum, enda fagfólk í atvinnugrein sem hratt og örugglega virðist eiga að útrýma. Línuívilnunin ýtir einnig undir heilsársútgerð en þær aflaheimildir sem línuívilnun veitir tryggir einnig sjósókn í að minnsta kosti einn til tvo mánuði fyrir sjómenn fyrirtækisins.

Almennur byggðakvóti

Til að styrkja útgerð og fiskvinnsluna á Drangsnesi hefur almennur byggðakvóti sinnt sínu hlutverki. Útgerðarfélaginu Skúla, og fleiri útgerðum á Drangsnesi er tryggður einn mánuður með aflaheimildum almenns byggðakvóta og styrkir það því stoðir heilsársútgerðar á Drangsnesi. Fiskvinnslan Drangur á einnig mikið undir í almennum byggðakvóta, en fiskvinnslan hefur verið einn stærsti framleiðandi grásleppuhroga á landinu og frumkvöðull í nýtingu á grásleppu. Hér myndast vertíðarstemning á vorin, enda tegundin árstíðabundin. Mikið er um grásleppusjómenn á svæðinu sem flestir landa afla sínum á Drangsnesi og inn í fiskvinnsluna sem hefur greitt með hæstu verðum til grásleppusjómanna ár hvert. Annar hvati fyrir sjómenn að landa grásleppu til vinnslu á Drangsnesi er sá að við það fá bátarnir rétt á almennum byggðakvóta. Þannig hefur niðurfelling almenns byggðakvóta letjandi áhrif á sjómenn á svæðinu til að landa grásleppu í heimabyggð, en grásleppuvinnsla á Drangsnesi er, sem áður, burðarstólpi Fiskvinnslunnar Drangs á Drangsnesi.

Skel- og rækjubætur

Á Drangsnesi eru tvær útgerðir sem fá úthlutað skel- og rækjubótum og skiptir ráðstöfunin sköpum fyrir starfsemi þeirra. Niðurfelling þessarar ráðstöfunar yrði áfall fyrir þessar útgerðir og þar af leiðandi fyrir samfélagið á Drangsnesi. Án þess að fara djúpt í sögu þessarar ráðstöfunar er mikilvægt að vanda vel til verka ef gera á upp þessar bætur til þess að fyrirbyggja kollvörpun á Íslensku fiskveiðistjórnunarkerfi.

Sértækur byggðakvóti

Útgerðarfélagið Skúli og Fiskvinnslan Drangur hafa verið í samstarfi við aðra útgerð á Drangsnesi og Byggðastofnun um sértækan byggðakvóta. Samningurinn hefur stuðlað að heilsársútgerð beggja útgerðarfélaga og gert fiskvinnslunni kleift að vera með vinnslu allt árið, sem annars hefði verið mjög krefjandi ef ekki ómögulegt. Samningurinn hefur gert Útgerðarfélaginu Skúla kleift að bæta við sig bát og þannig skapa 3 störf á sjó og í það minnsta 2 í beitningu allt árið. Aflamagn samningsins er bundið við það aflamagn sem ráðherra ráðstafar til aðgerðarinnar og hefur aflamagn dregist saman á síðastliðnum árum. Ítrekaðar eru verulegar áhyggjur um framtíðarhorfur þessa stuðnings sem, eins og áður segir, tryggir heilsársstarfsemi á Drangsnesi.

Samantekt um aðgerðir 5,3% kerfisins

Þegar horft er yfir allar breytingarnar á þessum aðgerðum eru áhrifin á aflamarksstöðu Útgerðarfélagsins Skúla gríðarleg. Á síðastliðnu fiskveiðiári hafði útgerðin tæp 500 þorskígildistonn í aflamark. Raungerast þessar fyrirhuguðu breytingar verða þau einungis rúmlega 360 á yfirstandandi fiskveiðiári. Það liggur í augum uppi að slík breyting kallar á skipulagsbreytingar og niðurskurð með tilheyrandi áhrifum á byggðarlagið.

Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks

Lögin féllu úr gildi seinni hluta árs 2024 og mun það koma til með að hafa umtalsverð áhrif á starfsemi Fiskvinnslunnar Drangs. Sjóðurinn hefur tryggt fiskvinnslufólki laun þegar hráefnisskortur er, t.d. í löngum brælum, ekki síst þegar gert er út á línubáta sem komast ekki á sjó í slæmri veðráttu líkt og stóru bátarnir og skipin. Lögin hafa verið í gildi síðan 1995 og hafa hjálpað fiskvinnslum um land allt að standa af sér erfiðustu veðurtíðirnar þegar fiskveiðar eru ekki mögulegar. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif. Sjóðurinn hefur stutt mikið við fiskvinnslufólk á Drangsnesi í gegnum tíðina, sem hefur haldið heilsársfiskvinnslu hér á floti. Lítil sem engin umræða var um niðurfellingu þessara laga en áhrifin tvímælalaust mikil.

Kílómetragjald

Einn helsti kosturinn við að vera á fallegasta stað Íslands, á Ströndum er nálægð við miðin. Ókosturinn er fjarlægðin frá mörkuðum og birgjum. Öll aðföng og afurðir eru fluttar til og frá suðvesturhorninu. Reiknað er með 10-15% hærri flutningskostnaði vegna fyrirhugaðs kílómetragjalds. Þessari hækkun geta fyrirtækin okkar ekki velt út í verðlagið á sínum vörum enda er Fiskvinnslan Drangur í samkeppni á heimsmarkaði með fiskafurðir og er algerlega háð verðum á þeim markaði. Hækkun gjalda á þungaflutningabíla er því hreinn og beinn skattur á verðmætaskapandi fyrirtæki á landsbyggðinni.

Samantekt

Líkt og sjá má er ekki um að ræða eitt heldur allt, þegar litið er til ágjafar á minni útgerðir og vinnslur í smáum byggðarlögum. Rekstrarumhverfi komandi missera er í besta falli hægt að kalla áskorun, í versta falli ómöguleiki. Hluti þessa breytinga eru af náttúrunnar hendi en langstærstu og veigamestu breytingarnar eru afleiðingar ákvarðana stjórnvalda. Raungerast allar þessar breytingar sér Útgerðarfélagið Skúli fram á það að leggja einum bát varanlega, segja upp 2 sjómönnum, 2-3 beitningamönnum og öðru eins í fiskvinnslu til þess að halda úti hluta heilsársstarfa. Í hlutfalli við íbúafjölda jafnast þetta á við 10.000-12.000 manna hópuppsagnir í Reykjavík. Mótvindurinn er slíkur að spurningin er ekki lengur hvort það eigi að fækka starfsfólki, heldur hversu mörgum á segja upp? Það er hin mesta furða að ríkisstjórn sem gefur sig út fyrir það að standa með landsbyggðinni virðist leggja sig í lengstu lög fram að leggja steina í götu og í raun að tryggja ómöguleika reksturs útgerðar og fiskvinnslu í byggðarlagi þar sem verulegur hluti íbúa treystir á atvinnuvegin til að tryggja sitt lífsviðurværi. Allt er þetta gert í merkilega litlu samráði og með gott sem engri upplýsingagjöf til þeirra sem starfa í greininni.

Þetta eru staðreyndirnar hér á Ströndum. Ítrekuð eru þau gríðarlegu áhrif sem þessar breytingar hafa í för með sér. Við á Drangnesi bjóðum fram þessa innsýn og reynslu okkar á þessum málum, og viljum efna til aukins samtals svo að rekstrarumhverfi lítilla sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni rati ekki í ógöngur.

Með ósk um svör og viðbrögð ráðherra og þingmanna kjördæmisins.

Virðingarfyllt,



Mikael R. L. Steingrímsson

Framkvæmdastjóri Útgerðarfélagsins Skúla ehf. og Fiskvinnslunnar Drangs ehf. á Drangnesi.